# Re: Beiðni um umsögn

| | |
|---|---|
| Búið til | 22.10.2020 11:39:42 |
| Höfundur | Trausti Baldursson |
| Sent | 22.10.2020 11:39:40 |
| Tilheyrir | 202010-0022 - Umsókn frá Þorláki Páli Jónssyni dags. 4. október 2020 um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðisins Mývatns og Laxár |

---

## Efni

| |
|---|
| Re: Beiðni um umsögn |

## Upplýsingar / Vinnsla

| Upplýsingar | | Vinnsla | |
|---|---|---|---|
| Sent | 22.10.2020 11:39:40 | Staða | Imported |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 42-0 Umsagnir almennt | | |
| Lykilorð | | | |

## Þátttakendur

| | |
|---|---|
| Frá | Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is) |
| Til | thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is |

## Innihald

Tilvísun í málsnr. 202010-0022 (TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Umhverfisstofnun, dags. 12. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um leyfi til framkvæmda inna verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Um er að ræða viðbyggingu, um 40 fm að grunnfleti, við íbúðarhús þ.e. Skútustaði 3A. Á afstöðumynd A107 sést staðsetning viðbyggingarinnar.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið. Eins og kemur fram hér að ofan er um að ræða viðbyggingu við íbúðarhús sem er hluti af stærra svæði með ýmsum byggingum. Náttúrufræðistofnun telur að viðbyggingin komi ekki til með að hafa áhrif á náttúrufar/náttúruminjar eða landslag Mývatns og Laxár og gerir því ekki athugasemd við erindið.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8

210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)

---

**From:** "Þórdís Vilhelmína Bragadóttir" <thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is>
**To:** "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
**CC:**
**Subject:** Beiðni um umsögn
**Date:** 12.10.2020 09:55:44

Umhverfisstofnun hefur borist umsókn frá Þorláki Páli Jónssyni dags. 4. október 2020 um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðisins Mývatns og Laxár.

Í samræmi við 17 gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu óskar Umhverfisstofnun hér með eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn þessa. Gögn málsins er að finna í viðhengi.

Þess er óskað að umsögnin berist eigi síðar en 19. október 2020.

**Bestu kveðjur, Best regards**
Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
Sérfræðingur, Advisor
Svið Friðlýsinga og starfsleyfa, Department for Designation of Nature Protection Areas and Pollution Permits

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Veffang / Webpage: Http://www.ust.is (http://www.ust.is/)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: Http://www.ust.is/disclaimer (http://www.ust.is/disclaimer)

## Viðhengi

| |
|---|
| image001.gif (2 KB) |
| image001.gif (2 KB) |